

Opinn kynningarfundur Hitaveitu Egilsstaða og Fella um fráveitulausnir á Fljótsdalshéraði haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 01.02. 2018. kl. 17:00.

Gunnar Jónsson stjórnarformaður HEF setti fundinn og bauð gesti velkomna. Fór hann síðan í stuttu máli yfir undirbúning stjórnar HEF að endurbótum á fráveitumálum í þéttbýli sveitarfélagsins, allt frá því HEF tók við fráveitumálum sveitarfélagsins árið 2012. Sagði hann að á fundinum yrðu kynntar helstu niðurstöður og lausnir, sem stjórn HEF væri sammála um að leggja upp með vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Að því búnu skipaði hann Jón Jónsson fundarstjóra og Stefán Bragason fundarritara og bað Jón um að taka við stjórn fundarins.

Jón Jónsson fór yfir dagskrá fundarins og áætluð tímamörk hans og gekk síðan til dagskrár.

Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri HEF tók fyrstur til máls og fór yfir þau skref sem tekin hafa verið við rannsóknir, hönnun og undirbúning að verkefninu. Einnig kom hann inn á umfjöllun um framkvæmdina í fjölmiðlum að undanfögnu. Síðan fór hann yfir gildandi samninga við Bólholt um þau hreinsivirki sem eru á útrásum fráveitunnar og árlegan kostnað við leigu og rekstur þeirra. Sagði hann hreinsivirkin hreinsa mjög vel það skólp magn sem í gegn um þau færi, en flest væru þau þó of lítil miðað við það vatnsmagn sem að þeim bærisk og því færi allt of mikið magn fram hjá hreinsivirkjunum. Fram kom að hreinsivirkið í Smárahvammi virkaði vel og annaði því magni sem þar fer í gegn. Guðmundur fór svo enn frekar ofan í kostnaðartölur úr bókhaldi HEF varðandi hreinsivirkin og holræsagjöldin á bak við hvert hreinsivirki. Kom fram hjá honum að hreinsivirkin væru dýr lausn, en hreinsuðu mjög vel það magn sem þau réðu við. Fráveitugjöld gætu hins vegar ekki staðið undir kostnaði við slíka heildarlausn og því væri m.a. verið að skoða aðrar lausnir. Síðan sýndi hann á korti holræsakerfið í þéttbýlinu og núverandi útrásir og hreinsivirki og hvernig áformað er að ná öllum útrásum saman í eina og hvernig fyrirhugað er að leggja hana norður fyrir flugbrautina og þaðan út í mitt Lagarljót, þar sem lögnin væri komin út í jafnan og mikinn straum.

Lára Guðmundsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands fór yfir niðurstöður úr sýnatökum HAUST við útrásir og hreinsivirki fráveitunnar sl. þrjú ár. Gert er ráð fyrir að sýni séu tekin að lágmarki fjórum sinnum á ári. Sýndi hún á glærum sundurliðaðar niðurstöður og fór yfir þær og möguleg frávik í mælingum og orsakir þeirra. Fram kom hjá henni að niðurstöður sýndu að víða væri um ófullnægjandi hreinsun að ræða, t.d. í útrásum sem fara í Eyvindarána, þó svo að það skólp sem færi í gegn um hreinsivirkin kæmi vel út í mælingum.

Reynir Sævarsson frá Eflu kynnti sig og sagði frá fjölmörgum fráveituverkefnum víða um land sem Eflu er að vinna að lausnum á. Taldi hann mikla þekkingu á fráveitumálum búa í starfsfólki Eflu. Hann fór svo yfir rennslismælingar Eflu og fl. á útrásum fráveitunnar og samanburð á milli ára. Fram kom hjá honum að í regluverkinu væri gert ráð fyrir því að í allt að 5% rennslistíma mætti fara frá fráveitum umframmagn td. vegna ofanvatns og jarðvatns í lögnum. Það teldist innan ásættanlegra marka. Gert var ráð fyrir við uppsetningu hreinsivirkjana að hver persónueining væri um 250 lítrar á sólarhring, en mælingar sýndu að miklu meira vatn er á ferðinni, sem orsakar að hreinsivirkin ráða ekki við að hreinsa allt það magn sem að þeim

beinist. Fram kom hjá honum að slegið hefði verið á kostnað við að tvöfalda allt langakerfið í þéttbýlinu á Egilsstöðum og Fellabæ í þeim götum og svæðum sem það er ekki fyrir hendi. Sá kostnaður gæti numið allt að 1,5 milljarði. Því til viðbótar væri kostnaður við endurnýjun á núverandi fráveitulögnum í umræddum götum. Það væri þó eitthvað sem ætti að stefna að því að gera smám saman, þegar viðhald gatna og holræsa kallar á endurbætur. Ofanvatn og leki jarðvatns inn í núverandi lagnakerfi er því mikið vandamál, sem þarf að reyna að ráða bót á. Fram kom hjá Reyni að hann teldi miðlæga hreinsistöð með einni útrás vera vænlegustu lausnina. Byrja ætti með eins þreps hreinsun með hreinsibúnaði sem hreinsaði úr td. plastefni, trefjaklúta og önnur slík aðskotaefni og skilaði svo þurrefnum í gám eða tank sem þannig væru flutt í seyru grifjur. Þó ætti að hanna mannvirkð þannig að auðvelt væri síðan að bæta við fleiri hreinsiprepum, eftir því sem þörf krefði og lög og reglur mæltu fyrir um. Hann fjallaði síðan um viðtakana Lagarfljót og Eyvindará, sem báðir teldust til viðkvæmra viðtaka, þó svo að þeir væru lítt sambærilegir. Lágmarks rennsli í Lagarfljótinu væri um 110 m³ á sek. meðan Eyvindaráin færi undir 11 m³, eða að lágmarki tífalt minni. Þarna vantað frekari skilgreiningar, því að hérlandis væri á og á ekki endilega sambærilegur viðtaki. Að því búnu útskýrði hann hvernig hreinsun færi fram í þeirri þró sem hann leggur til að gerð verði og hvernig sá búnaður virkaði. Þar er bæði um að ræða felliprær og stórar beltasíur. Einnig útskýrði hann lítillega muninn á eins, tveggja og þriggja þrepa hreinsun. Hann sýndi svo tillögu um þá verkáfangar sem gert er ráð fyrir. Þar er miðað við að verkinu verði lokið á svipuðum tíma og núverandi samningar um hreinsivirkin renna út.

Nú var framsögum lokið og fundarstjóri gaf orðið laust til fyrirspurna.

Sigurður Ragnarsson fór yfir eldri samninga um hreinsivirkin og bar saman núverandi hreinsun og þá sem fyrirhuguð er skv. tillögum Eflu. Taldi hann engan vegin viðundandi að mikið magn saurkóligerla fari út í Lagarfljótið, eins og fyrirbyggjandi plön gera ráð fyrir miðað við eins þreps hreinsun. Sagðist hann ekki trúa mörgum þeim tölum sem þarna væru kynntar. Spurði hann m.a. hvort það gæti ekki haft áhrif á skoðanir og val hönnuða á fráveitulausn, ef rétt væri að hlutfall hönnunarkostnaðar við verk væri kominn í rúm 20 %. Sigurður sagði að samkvæmt upplýsingum sem hann hefði aflað sér um stærð og verð á hreinsivirkjum erlendis, væri hægt að fá stórt hreinsivirki sem gert væri fyrir 5.500 persónueiningar og kostaði um 400 milljónir. Með slíku viðbótar hreinsivirki og þeim sem fyrir eru og lagfæringum á núverandi lagnakerfi ætti því að vera hægt að hreinsa allt skólþ frá þéttbýlinu á fullnægjandi hátt.

Óskar Bjarnason vildi í upphafi leiðrétta nokkrar uppgefnar tölur um heinsivirki, sem fram höfðu komið í framsögum. Síðan fjallaði hann um persónueiningar og regluverk í kring um þær. Sagði hann að um 7.280 persónueiningar væru að fara í gegn um hreinsivirkin við Eyvindará. Óskar sýndi svo nokkrar glærur máli sínu til stuðnings og fannst menn ekki vera að taka rétta stefnu í vali á fráveitulausnum. Sagði hann að eins og jafnvel tveggja þrepa hreinsun stæðust bara ekki núverandi lög og reglur og því alrangt að stefna að lausn sem fyrir fram væri vitað að uppfyllti ekki skilyrði.

Guðmundur Davíðsson svaraði fyrirspurnum og fór betur yfir nokkrar tölur sem hann sýndi í sínu framsöguverindi.

Reynir Sævarsson svaraði einnig fyrirspurnum og fór betur yfir persónueiningar og hvað átt væri við með þeim. Hann sagðist telja að kostnaður við dælingu skólps sem gert væri ráð fyrir í tillögum Eflu væri óverulegur í þessu samhengi, þó vissulega kostaði peninga að kaupa rafmagna til að knýja dælurnar. Varðandi tvöfalt lagnakerfi í götum í þéttbýlinu, sagði hann að

samkvæmt sínum upplýsingum hefði tvöfalt kerfi verið lagt í götur a.m.k. síðustu 20 ár og jafnvel væri það til staðar í einhverjum eldri götum.

Diljá Óskarsdóttir spurði út í eins og tveggja þrepa hreinsun og af hverju væri lögð til eins þrepa hreinsun þegar það samræmist ekki núverandi reglum.

Helga Hreinsdóttir ræddi vandann við að vera að hreinsa ofanvatn og bakrennslisvat hitaveitunnar, sem í dag fer í fráveitulagnirnar og blandast skólpinu áður en það fer í hreinsivirkin.

Baldur Pálsson spurði stjórn HEF af hverju hefði ekki verið skoðaðir fleiri valkostir en sú leið sem Efla leggur til.

Björn Sveinsson spurði út í staðarval á fyrirhugaðri útrás og hvað réði því. Einnig sagðist hann efast um að tvöföldun lagnakerfis þéttbýlisins kostað rúman milljarð, eins og talað væri um.

Hugrún Hjálmsdóttir svaraði fyrirspurn um kostnað við tvöföldun lagnakerfisins. Nefndi hún gamlar tölur í því sambandi og að þá hefði verið reiknað með um 7 kílómetrum í lögnum sem þyrfti að tvöfalda. Samkvæmt lauslegri athugun sinni væri vegalengdin þó nær helmingi lengri og uppreiknað verð á lengdarmetra í götu væri nú um 55 þúsund kr. Þessu til viðbótar þyrfti svo að skipta um skólplagnir í götunum og að fara með nýjar lagnir inn að húsunum í viðkomandi götum til að sækja drenvatn og afrennslisvatn frá hitaveitunni.

Skúli Björnsson svaraði Baldri og sagðist hafa samþykkt þá leið sem Efla legði hér til, þar sem kostnaðartölur sýndu að hún væri skynsamlegust.

Karl Lauritzson sagði stjórnina hafa fylgst vel með öðrum sveitarfélögum með sambærilega landfræðilega staðsetningu. Ekki virtust til lausnir sem fjárhagslega væru ásættanlegar. Hann sagðist ekki hafa áhyggjur af mengun í Lagarfljóti vegna fyrirhugaðrar útrásar, þar sem vatnsmagn og rennslifljótsins væri svo mikið og jafnt.

Gunnhildur Ingvarsdóttir sagðist telja að stóra málið við þessa lausn væri að losa Eyvindarána við skólp og koma fráveitunni í einni útrás út í flaum Lagarfljótsins.

Sigríður Sigmundsdóttir sagði að stjórn HEF hefði kynnt sér mjög margt í þessu ferli og væri búin að velta fyrir sér ýmsum útfærslum. Benti hún á að samkvæmt nýlegum upplýsingum um fráveitumál færi um 61% skólps í landinu í geng um eins þreps hreinsun og 24 % færu óhreinsað í viðtaka. Tók hún undir með Gunnhildi að það væri stórt mál að koma öllum útrásunum saman í eina.

Gunnar Jónsson þakkaði fyrir góðan fund og góða mætingu. Hann sagði stjórnina hafa lagt sig í líma við að skoða ýmsa kosti í fráveitulausnum. Hann sagði núverandi hreinsivirki vissulega góð, svo langt sem þeirra hreinsigeta næði. Lausnir Eflu væru þó þær sem stjórnin hefði á endanum orðið samstiga um að velja.

Að því búnu fól hann Jóni Jónssyni fundarstjóra að slíta fundi og var það gert um kl. 19:30.